



Félagsmiðstöð, brú á milli menningarheima?

Þátttaka ungmenna af erlendum uppruna í félagsmiðstöðvarstarfi í Reykjanesbæ.

Júlía Scheving Steindórsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Félagsmiðstöð, brú á milli menningarheima?

Bátttaka ungmenna af erlendum uppruna í

félagsmiðstöðvarstarfi í Reykjanesbæ

Júlía Scheving Steindórsdóttir

Lokaverkefni til BA- prófs í Tómsunda- og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir

Deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2021

Félagsmiðstöð, brú á milli menningarheima?

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í Tómsunda- og félagsmálafræði við Deild heilsueflingar, íþróttar og
tómstunda
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Júlía Scheving Steindórsdóttir 2021
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Íslenskt samfélag hefur þróast í fjölmenningsamfélag á stuttum tíma en innflytjendum hefur fjölgað mikið hérlendis á síðustu 20 árum. Rannsóknir hafa sýnt að börn og ungmenni af erlendum uppruna standa verr að vígi félagslega en íslenskir jafnaldrar þeirra og eru óvirkari í þátttöku í tómstundum. Þetta er þróun sem þarf að sporna gegn með því að virkja börn og ungmenni af erlendum uppruna til þátttöku í tómstundastarfi. Í þessu verkefni er leitast eftir að kanna mikilvægi þess að ungmenni með erlent ríkisfang taki þátt í félagsmiðstöðvastarfi og möguleg jákvæð áhrif þess. Skoðuð var þátttaka ungmenna í félagsmiðstöðvarstarfi í Reykjanesbæ til að kanna virkni þeirra en um 13% barna í grunnskólum Reykjanesbæjar eru af erlendum uppruna. Notast var við fyrirliggjandi gögn frá félagsmiðstöðinni Fjörheimum. Aðeins 21% ungmenna af erlendum uppruna taka þátt í starfinu og eru þau um 17% af heildarfjölda þátttakenda. Fjallað verður um verkefnið *Allir með!* sem er samfélagsverkefni á vegum Reykjanesbæjar. Verkefnið stuðlar að jöfnum tækifærum barna til að tilheyra samfélaginu og taka þátt. Niðurstöður rannsóknarinnar geta nýst við framþróun fjölmenningsmála í Reykjanesbæ og einnig sem brú yfir þá félagslegu gjá sem er á milli ungmenna af ólíkum uppruna.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Myndaskrá.....	5
Formáli.....	6
1 Inngangur.....	7
2 Innflytjendur.....	8
2.1 Staða innflytjenda í íslensku samfélagi.....	8
2.2 Ungmenni með erlent ríkisfang.....	9
3 Tómsundur og frítími.....	12
3.1 Frítími.....	12
3.2 Tómsundur	12
3.3 Tómsundastarf	13
4 Félagsmiðstöðvar.....	14
4.1 Saga félagsmiðstöðva.....	14
4.2 Starfsemi félagsmiðstöðva	15
4.2.1 Inntak.....	15
4.2.2 Eðli starfsins	16
4.3 Mikilvægi félagsmiðstöðvarstarfs	16
4.3.1 Óformleg menntun.....	17
4.3.2 Sjálfmynd	17
4.3.3 Jafningjahópurinn	17
4.3.4 Forvarnir.....	18
5 Samantekt - Mikilvægi félagsmiðstöðvarstarfs í lífi ungmenna af erlendum uppruna .	20
6 Reykjanesbær - „Í krafti fjölbreytileikans“	22
6.1 Þróun fjölmeningarmála í Reykjanesbæ á síðastliðnum árum	23
6.2 Í krafti fjölbreytileikans	23
6.3 Allir með	24
7 Aðferð og framkvæmd.....	27
7.1 Rannsóknarspurning	27
7.2 Rannsóknaraðferð - Blandaðar rannsóknaraðferðir.....	27
7.3 Gagnasöfnun og úrvinnsla gagna.....	28
7.4 Niðurstöður rannsókna.....	29
8 Umræður og niðurlag	34
8.1 Fjórheimar - Allir með!.....	34
8.2 Að brúa bilið á vettvangi frítíma	35
8.3 Félagsmiðstöðin Brú	36
9 Lokaorð.....	37
Heimildaskrá.....	39

Myndaskrá

Mynd 1: Mannfjöldi eftir bakgrunni 1996-2019 (Hagstofa Íslands, 2019-b).....	22
Mynd 2: Hlutfall innflytjenda eftir landsvæðum (Hagstofa Íslands, 2019-b)	23
Mynd 3: Fjöldi og hlutfall þátttakenda í Reykjanesbæ (Reykjanesbær, 2020-a). ...	25
Mynd 4: Hvatagreiðslur í Reykjanesbæ til foreldra (Reykjanesbær, 2020-a)	26
Mynd 5: Þáttökuhlutfall ungmenna í Fjörheimum eftir uppruna.....	29
Mynd 6: Þáttökuhlutfall allra ungmenna Reykjanesbæjar í Fjörheimum	30
Mynd 7: Þáttökuhlutfall meðal ungmenna af erlendum uppruna í 8.-10. bekk.....	30
Mynd 8: Hlutfall þátttöku í Fjörheimum eftir kyni.....	31
Mynd 9: Þátttaka hjá ungmennum af erlendum uppruna í Fjörheimum	32
Mynd 10: Hvaða grunnskóli er virkastur í félagsmiðstöðvstarfinu?	32

Formáli

Þessi ritgerð er 10 eininga (ECTS) lokaverkefni til BA-gráðu í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor í tómstunda- og félagsmálafræðum við Háskóla Íslands. Ég vil þakka henni fyrir góða aðstoð og leiðsögn í þessari ritgerð og í gegnum allt námið. Sérstakar þakkir fá Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir verkefnastjóri fjölmeningarmála, Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og Ólafur Bergur Ólafsson starfsmaður Fjörheima fyrir góða aðstoð við söfnun gagna. Síðast en ekki síst vil ég þakka frábæru fjölskyldu minni og kærasta fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu í gegnum allt námið og á lokametrinum við skrif þessarar ritgerðar.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Sidareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____._____ 20__

1 Inngangur

Á síðustu 20 árum hefur íslenskt samfélag breyst úr einsleitu samfélagi í fjölmenningsamfélag og í dag eru innflytjendur um 12,6% þjóðarinnar (Hagstofa Íslands, 2019-b). Íslenskar rannsóknir sýna að börn og ungmenni af erlendum uppruna standi höllum fæti á mörgum sviðum í íslensku samfélagi. Þau eru til dæmis líklegri en innlendir jafnaldrar til að upplifa félagslega einangrun, einmanaleika og ganga verr í námi. Eins eru ungmenni af erlendum uppruna ólíklegri til að taka þátt í tómskundastarfi. Samkvæmt rannsóknum þá er félagsleg gjá milli erlendra og innlendra barna og ungmenna það er sorgleg staðreynd og mikið áhyggjuefni sem þarf að sporna við (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a).

Eitt af stærstu sveitarfélögum landsins, Reykjanesbær vinnur markvisst að þessu málefni með samfélagsverkefninu Allir með!. Markmiðið með verkefninu er að öll börn fái jöfn tækifæri, að þau upplifi að þau tilheyri samfélaginu og að þau séu hvött til þátttöku í íþrótt- og tómskundastarfi (Reykjanesbær, 2020-a), þar á meðal félagsmiðstöðvarstarfi sem rannsóknir sýna fram á að sé uppbyggilegur vettvangur fyrir börn og ungmenni (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017).

Markmið þessarar ritgerðar er að rýna í og fjalla um félagslega stöðu barna og ungmenna af erlendum uppruna, greina frá mikilvægi félagsmiðstöðvarstarfs og sýna fram á hvað sá vettvangur getur verið mikilvægur í lífi þessara einstaklinga. Leitast verður við að svara spurningunni Hvert er þátttökuhlutfall erlendra ungmenna í félagsmiðstöðvarstarfi í Reykjanesbæ? Einnig verður fjallað um mismunandi þátttökuhlutfall innlendra og aðfluttra unglunga úr ólíkum skólum í Reykjanesbæ og hvort staðsetning félagsmiðstöðva og fjarlægð frá skóla hefur áhrif auk annarra þátta. Við greiningu gagna var rýnt í fyrirliggjandi gögn félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima í Reykjanesbæ.

2 Innflytjendur

2.1 Staða innflytjenda í íslensku samfélagi

Áður en kafað verður dýpra í stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi þarf að vera skýrt hvaða einstaklingar það eru sem teljast til hóps innflytjenda. Í byrjun árs 2019 gaf Hagstofa Íslands út Félagsvísi, sérhefti um innflytjendur þar sem markmiðið var að kanna stöðu þessa þjóðfélagshóps. Í heftinu eru hugtökin innflytjandi og annarrar kynslóðar innflytjandi skilgreind á eftirfarandi hátt:

Innflytjandi: Með innflytjanda er átt við einstakling sem er fæddur erlendis, á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis auk þess að eiga afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis.

Annarrar kynslóðar innflytjandi: Annarrar kynslóðar innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er hér á landi en á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis, auk þess sem afar og ömmur eru fæddir erlendis. Barn innflytjanda sem ekki fæðist hér á landi, heldur flytur til landsins á barnsaldri, er skilgreint sem innflytjandi. (Hagstofa Íslands, 2019-a, bls.6)

Í sérheftinu er einnig greint frá því hverjir eru innlendir en það eru allir þeir sem falla ekki undir skilgreiningarnar á innflytjenda. Því eru t.d. þau börn sem eiga annað foreldri erlent og hitt íslenskt ekki innflytjendur heldur innlend með erlendan bakgrunn. Einnig má nefna að þeir einstaklingar sem eru fæddir erlendis en eiga íslenska foreldra eða íslenska ömmur og afa teljast heldur ekki til innflytjenda. Til að taka þetta saman og einfalda enn frekar er innflytjandi sá sem hefur flust frá öðru landi og hefur engan íslenskan bakgrunn (Hagstofa Íslands, 2019-a).

Hópur innflytjenda á Íslandi er fjölbreyttur og samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta lífsreynslu og menntun sem vinna síðan við ólík störf (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a). Hópnum tilheyra t.d. námsmenn, vinnuafli, einstaklingar sem eru ástvinir eða fjölskyldumeðlimir innlendra íbúa og flóttafólk sem kemur úr aðstæðum hörmunga og stríðs (Hagstofa Íslands, 2019-a). Því má gera sér í hugarlund að líðan, reynsla og staða innflytjenda sé afar mismunandi.

Hlutfall innflytjenda hér á landi er nú orðið svipað og á öðrum Norðurlöndum, en vegna stuttrar sögu innflytjenda hérlendis er ýmislegt frábrugðið í hópi innflytjenda á Íslandi og t.d. í Svíþjóð. Meðalaldur innflytjenda hérlendis er frekar lágur og er meirihluti þeirra karlmenn á vinnualdri sem hafa búið hér í skamman tíma. Einnig má nefna að fæðingartíðni innflytjenda er lægri en gengur og gerist meðal innlendra og að meðalaldur annarrar kynslóðar innflytjenda er 0-17 ára sem er mun lægra en annars staðar á Norðurlöndunum. Því er meirihluti innflytjenda á vinnualdri og eru hlutfallslega fáir sem teljast sem börn, ungmenni eða aldraðir (Hagstofa Íslands, 2019-a).

Innflytjendur hafa almennt góðan aðgang að íslensku atvinnulífi, flestir þeirra eru skráðir í stéttarfélag og lifa við sömu gæði í nærumhverfi sínu og innlendir íbúar (Hagstofa Íslands, 2019-a). Þrátt fyrir að hópur innflytjenda sé margbreytilegur sýna rannsóknir að innfluttir íbúar séu í verri stöðu en þeir innlendu t.d. félagslega og fjárhagslega (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a). Innflytjendur mæta allskonar hindrunum sem draga úr lífsgæðum. Þau eru líklegri til að búa í þröngu húsnæði, fá síður störf sem henta þeim og mæta allskonar hindrunum við að sækja sér menntun (Hagstofa Íslands, 2019-a). Þeir sem hinsvegar hafa menntun eru líklegir til að vera ofmenntaðir fyrir störfina sem þeir gegna og ná því ekki að nýta menntun sína eins og ákjósanlegast væri. Innflytjendur eru líklegri til að búa við verri fjárhagsstöðu og hlutfallslega fáir þeirra eru með mjög háar tekjur (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a).

2.2 Ungmenni með erlent ríkisfang

Innflytjendur sem flytjast milli landa á unglingsárum upplifa allskonar áskoranir við flutningana. Það að flytja burt frá heimahögum og aðlagast nýju samfélagi getur tekið á og streita sem tengist þessum breytingum getur haft neikvæð áhrif á andlega líðan þeirra (Runarsdóttir og Vilhjalmsson, 2019). Niðurstöður úr fjölmörgum erlendum rannsóknum sýna að börn af erlendum uppruna eru í viðkvæmri félagslegri stöðu. Íslenskar rannsóknir á vellíðan barna og unglunga benda til þess að staðan sé sú sama hérlandis og að börn af erlendum uppruna finni oftast fyrir vanlíðan og séu óhamingjusamari en íslenskir jafnaldrar þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a). Börnum af erlendum uppruna er frekar strítt, þau eru líklegri til að vera skilin útundan og eru mun líklegri til að verða fyrir einelti. Þau eiga síður vini, eru sjaldan í kringum jafnaldra og eru helmingi líklegri til að verða fyrir félagslegri einangrun en jafnaldrar þeirra (Reykjavíkurborg, 2013). Börn innflytjenda upplifa sig frekar einmana og íslensk rannsókn leiddi í ljós að þau verða fyrir fordómum og stríðni vegna uppruna síns (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-b).

Íslensk rannsókn sem var framkvæmd 2019 varpaði ljósi á félagslega aðgreiningu milli ungmenna í 8.-10. bekk af misjöfnum uppruna. Ungmenni af erlendum uppruna eru líklegri til að mynda tengsl og vináttu sín á milli og íslensku ungmennin gera það sama og veita nemendum með erlendan bakgrunn því síður stuðning. Þetta getur breyst með tímanum en innflytjendur fá meiri stuðning frá íslenskum jafnöldrum eftir því sem þeir búa lengur á Íslandi. Eflaust er það vegna bættrar kunnáttu í íslenskri tungu en tungumál og menningarbakgrunnur spila stórt hlutverk varðandi þátttöku barna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a). Nýdóttorarnir og aðjúnt við menntavísindasvið Háskóla Íslands Eyrún María Rúnarsdóttir og Anh-Dao Tran hafa rannsakað þessi mál. Þær nefna að gjáin milli menningarheima sé til staðar í íslensku skólakerfi, á öllum stigum þess. Þær hafa séð í rannsóknum sínum að þrátt fyrir þessa hópaskiptingu sé samt vilji meðal barnanna að tengjast og eignast vini frá öðru þjóðerni.

Vandamálið sé að það vanti að bjóða börnum af erlendum uppruna velkomin og að kröfur til þeirra sé háttað þannig að þau eigi að samlaga sig íslensku samfélagi. Samlögur er þegar einstaklingar með fjölmeningarbakgrunn þurfa að breyta sínum hefðum og útliti fyrir nýja samfélagið sem þau flytja í. Þetta er ekki góð leið til að stuðla að fjölmeningarsamfélagi heldur ætti áherslan að vera á aðlögun þar sem bæði innflytjendur og innlendir mætast á miðri leið. Eyrún og Anh - Dao nefna mikilvægi þess að eiga vini af öðrum uppruna en maður sjálfur, það vinnur gegn fordómum og eykur samkennd innan samfélaga. Börn í íslensku samfélagi geta þó ekki borið ábyrgð á að brúa bilið ein síns liðs, þau þurfa stuðning frá fullorðnum og vettvang til að mynda vinskap og tengja menningarhópa saman. Eyrún og Anh Dao telja að þátttöka í tómstundastarfi geti verið eitt af þeim lykilatriðum sem auðveldar tengsl milli innlendra og innfluttra barna og ungmenna (Guðrún Hálfánardóttir, 2020). Börn af erlendum uppruna upplifa sig því síður vera „hluta af hópnum“ og finnst þau ekki tilheyra í íslensku samfélagi. Í kjölfarið er sjálfmynd þeirra lakari en íslenskra barna (Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa, 2011). Ýmislegt sem má greina í stöðu barna og ungmenna af erlendum uppruna sem gefur til kynna að halda þurfi vel utan um þennan hóp svo að þeim líði betur og einangrist ekki félagslega, en það getur verið mikið áhyggjuefni að nemendum af erlendum uppruna finnst þau ekki tilheyra hópnum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020-a).

Slæm líðan barna getur dregið úr námsárangri en einnig getur slakur námsárangur haft neikvæð áhrif á líðan. Erlend börn og ungmenni með íslensku sem annað tungumál líður verr í skólanum en öðrum börnum, þau fá sjaldnar hrós frá kennurum og þeim gengur verr námslega. Þau eru einnig líklegri til að hætta í námi þegar komið er í framhaldsskóla. Brotthvarf úr framhaldsskóla getur haft ýmis vandamál í för með sér fyrir bæði einstaklinga og samfélagið. Þeir einstaklingar sem hætta í framhaldsskóla eru líklegri til að verða atvinnulausir á fullorðinsárum, glíma við ýmis félagsleg og heilbrigðistengd vandamál og jafnvel leiðast út á braut afbrota. Staða erlendra barna í íslensku skólakerfi er því mikið áhyggjuefni þar sem hún getur hamlað virkri þátttöku þeirra í samfélaginu. Ýmsar ástæður eru fyrir þessum vanda en mögulega er íslenskt menntakerfi ekki hannað til að gera ráð fyrir svo fjölbreyttum nemendahópi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020-a).

Börn af erlendum uppruna eru ólíklegri til að hitta vini sína eftir skóla og taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi s.s. íþróttaiðkun eða félagsmiðstöðvarstarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020-a). Þetta er dapurleg staðreynd í ljósi félagslegrar stöðu ungra innflytjenda en tómstundastarf stuðlar að samskiptum við vini og jafningja og getur því verið mikilvægur þáttur til að draga úr félagslegri einangrun (Reykjavíkurborg, 2013) og auðvelda börnum innflytjenda aðlögun að nýju samfélagi (Fræðslusvið Reykjanesbæjar, 2017). Það sem hindrar þátttöku erlendra barna er að upplýsingar um tómstundastarf í nærumhverfi ná oft á tíðum ekki til foreldra þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020-a). Hvatning frá foreldrum skiptir miklu máli til að virkja börn í tómstundastarfi. Ef erlendir foreldrar fá ekki upplýsingar um það starf sem er í boði minnkar það líkurnar á þátttöku barnanna í íþrótt- og tómstundastarfi því foreldrar geta ekki hvatt börnin sín til þátttöku í einhverju sem þau vita ekki

að er í boði. Tungumálaörðugleikar foreldra geta því verið hamlandi í þessu samhengi ef upplýsingaflæði um tómstundastarf er ekki sett fram með fjölmenningu í huga, en ein helsta ástæða fyrir dræmri þáttöku barna í tómstundastarfi er sú að börnin hafa ekki fundið tímstundir sem hentar þeim (Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa, 2011). Þá er hægt að spyrja hvort að tækifæri hafi verið til staðar til að prófa fjölbreytt tímstundastarf? Eða þá hvort innflytjendur séu í raun meðvitaðir um alla þá möguleika og styrki sem í boði eru?

Þau erlendu börn og ungmenni sem taka þátt í tímstundastarfi eru líklegri en innlend til að hætta vegna bágrar fjárhagsstöðu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020-a). Munur milli menningarheima og ábyrgðar í daglegu lífi getur verið önnur ástæða fyrir lítilli þáttöku erlendra barna í skipulögðu tímstundastarfi. Börn innflytjenda eru oft upptekin við ýmsar skyldur í sínum frítíma utan skóla s.s. að sinna vinnu eða að passa yngri systkini og sjá um heimilistörf (Guðrún Hálfánardóttir, 2020). Í íslenskri rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við börn sem höfðu komið til landsins sem flóttamenn kom í ljós að þrátt fyrir að meirihluti barnanna tók ekki þátt í tímstundastarfi fannst þeim þau vera félagslega virk með vinum og/eða fjölskyldu (Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa, 2011). Mögulega getur menning í frítíma barna í öðrum löndum verið ólík íslenskri tímstundamenningu og mögulega er það ástæða þess að erlend börn sækja ekki skipulagt tímstundastarf í jafn miklum mæli og innlendir jafnaldrar þeirra.

3 Tómstundir og frítími

3.1 Frítími

Einstaklingar í nútímasamfélagi eyða mestum tíma sínum í frítíma. Rannsóknir hafa sýnt að meðalmanneskja eyðir að jafnaði tvöfalt meiri tíma í frítíma en í skóla og vinnu til samans og því er greinilegt að frítími skipi stóran sess í lífshlaupi hvers og eins. Hægt er að átta sig enn betur á mikilvægi frítímans með því að vitna í rannsókn Weiskopf frá 1982. Þar kemur fram að miðað við 70 ára aldur hefur meðalmaður eytt heilum 27 árum í frítíma en aðeins 7,33 árum í vinnu og 4,33 í formlega menntun (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014). Samkvæmt Leitner og Leitner (2012) er frítími skilgreindur sem allur sá tími sem einstaklingar eiga aflögu eftir að atvinnu og skyldum er lokið og líkamlegum þörfum hefur verið mætt. Í frítíma sinna einstaklingar valfrjálsum viðfangsefnum sem þeir líta ekki á sem skyldu t.d. teljast atvinna, svefn og heimilisstörf ekki til frítíma (Orðanefnd í tómstundafræði, 2019). Frítíminn er einnig félagslegt fyrirbæri sem snýst um virkni, upplifanir og reynslu (Árni Guðmundsson, 2017). Mörgum reynist erfiðara að njóta sín í frítíma en í vinnu og rannsóknir hafa sýnt að það hvernig frítíma er varið geti haft margvísleg jákvæð eða neikvæð áhrif á lífsgæði, líðan og heilsu (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014). Iðjuleysi og illa nýttur frítími getur verið rót mikilla vandamála hjá fólki (Árni Guðmundsson, 2017). Frítíminn sjálfur bætir því ekki lífsgæði heldur er það innihald frítímans sem skiptir máli. Dæmi um jákvæða athöfn í frítíma eru tómstundir en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að tómstundir hafi jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

3.2 Tómstundir

Í gegnum tíðina hafa fræðimenn ekki komið sér saman um skilgreiningu á hugtakinu „tómstundir“ og jafnvel talið að ekki sé hægt að skilgreina hugtakið. Í grein sinni „Skilgreining á hugtakinu tómstundir“ leitast Vanda Sigurgeirsdóttir (2010) eftir því að skilgreina hugtakið á þann hátt að hægt sé að nýta það á vettvangi og við fræðileg skrif. Í umfjöllun sinni nálgast hún hugtakið frá fimm mismunandi hliðum þ.e. tómstundir sem tími, athöfn, gæði, viðhorf og hlutverk. Út frá þessum þáttum skilgreinir Vanda hugtakið og kemst að niðurstöðu sem er enn notuð í dag m.a. í Orðasafni í tómstundafræði sem er notað við deild tómstundafræða í Háskóla Íslands. Þar er tómstund skilgreind sem: „Meðvituð athöfn í frítíma sem byggir á frjálsum vali einstaklingsins, skapar tækifæri til reynslu og hefur jákvæð áhrif á velferð og lífsgæði. Tómstundir eiga sér yfirleitt stað í frítíma en ekki er allt sem gert er í frítíma tómstundir“. Í framhaldi má nefna að niðurbriótandi og neikvæð hegðun í frítíma á borð við afbrot eða neyslu er ekki talin til tómstunda á Íslandi enda uppfylla þær athafnir ekki þau skilyrði sem sett eru fram í skilgreiningu Vöndu. Tómstundir þurfa því alltaf að vera jákvæðar athafnir sem hafa uppbyggjandi áhrif á einstaklinga (Orðanefnd í tómstundafræði, 2019) en kjarni þeirra felst í vellíðan og aukningu á lífsgæðum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010). Athæfið þarf einnig að

uppfylla þær kröfur að einstaklingur sem iðkar það líti sjálfur á það sem tómstund til að það teljist til tímstunda (Orðanefnd í tímstundafræði, 2019). Tímstundir ýta undir menningarlegt sjálfstæði og sjálfsmýnd en þær geta verið leið fyrir einstaklinga að skilgreina sjálfan sig og aðgreina sig frá fjöldanum (Árni Guðmundsson, 2017).

3.3 Tímstundastarf

Tímstundastarf eða skipulagt tímstundastarf eins og það er oft kallað er skipulögð starfsemi á vettvangi frítímans þar sem lögð er áhersla á uppbyggileg viðfangsefni sem auka ánægju og líðan. Tímstundastarf fer fram á fjölbreyttum vettvangi s.s. á vegum sveitarfélaga og annarra opinberra aðila eða á vegum félagasamtaka og einkaaðila (Orðanefnd í tímstundafræði, 2019). Dæmi um skipulagt tímstundastarf héraðs er: Starfssemi á vegum íþróttafélaga ÍSÍ, tónlistarskólar, félagsmiðstöðvar, Bandalag íslenskra skáta, ungmennastarf Rauða krossins og ungmennastarf Slysavarnarfélagsins Landsbjargar (Island.is, e.d.-b).

Tímstundastarf getur verið vettvangur menntunar utan skólasterfs. Tveir þættir eru algengir í umræðunni um skipulagða menntun utan skólans þ.e. að menntunin eigi að byggja á áhugasviði þáttakenda og að þáttakendur eigi að vera með í mótun námskrár. Þáttaka í skipulögðu tímstundastarfi styður við þroska þáttakenda (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2010), þar eru börn og unglingar ekki undanskilin en þátttaka í tímstundastarfi getur eflt sjálfsmýnd þeirra, sjálfstæði og félagsfærni. Mikilvægt er að starfið sé unnið á ábyrgan og faglegan hátt svo að þau uppbyggjandi markmið sem lagt er upp með náist (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2014). Ýmsar rannsóknir benda til þess að tímstundastarf hafi áhrif á heilsu, námsárangur og lífsgæði. Einnig getur það verið forvörn gegn hinum ýmsu áhættuþáttum (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2010) en forvarnargildið felst m.a. í að efla einstaklinginn, auka festu í lífi ungmenna og að stuðla að því að þau upplifi sig sterk í hópi jafningja (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2014).

Í samfélaginu eru hópar sem taka síður þátt í tímstundastarfi en aðrir og getur það leitt til óvirkni og einmanaleika (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014). Virkur frítími og tímstundir fela í sér áskoranir sem hafa áhrif á færni og sjálfsmýnd einstaklingsins. Tímstundastarf gegnir mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi og þátttaka í fjölbreyttu starfi félaga og samtaka er ein leið til samfélagslegrar virkni (Árni Guðmundsson, 2017).

4 Félagsmiðstöðvar

4.1 Saga félagsmiðstöðva

Áður fyrr vann fólk frá barnsaldri og aldursskipting samfélagsins var þríþætt: *börn, fullorðnir* eða *aldraðir*. Við iðnbyltinguna á Englandi breyttust aðstæður og lifnaðarhættir í samfélögum og hugtakið *unglingur* varð til. Með tímanum var lögð áhersla á aukna menntun og minna vinnuálag barna og ungmenna. Því fylgdi aukinn frítími sem ungmenni höfðu án eftirlits fullorðinna. Til þessara samfélagsbreytinga má rekja upphaf félagsmiðstöðva en þær voru svar við auknum frítíma ungmenna, sífelltri þróun æskunnar og þeim áskorunum sem fylgja unglingsárunum (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017).

Félagsmiðstöðvar eru samkomustaður fyrir börn og ungmenni þar sem þau geta hitt jafnaldra sína í frítímanum. Þar eru þarfir, hæfileikar og menning barna og ungmenna í forgangi og metin að verðleikum. Starfið á að móta út frá hópnum sem það sækir og því er starfsemin sniðin eftir áhugasviði ungmenna (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Félagsmiðstöðvar teljast opið æskulýðsstarf og þar fá ungmenni að taka þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum undir leiðsögn starfsfólks með uppbyggilegum hætti (Orðanefnd í tómsundafræði, 2019).

Fyrsta félagsmiðstöð ætluð unglíngum á Norðurlöndunum opnaði árið 1933 í Gautaborg. Starfsemi félagsmiðstöðva breiddist út í Svíþjóð og varð vöxtur í útbreiðslu þeirra um og eftir 1940. Danir fylgdu fordæmi Svía og stuttu eftir 1940 voru um þrjátíu frístundaheimili opin á kvöldin fyrir dönsk ungmenni. Norðmenn opnuðu fyrstu félagsmiðstöðina nokkrum árum seinna, eða árið 1953. Félagsmiðstöðvum á Norðurlöndum fjölgaði hratt á næstu þrjátíu árum og má nefna að árið 1980 voru um 300 starfandi félagsmiðstöðvar vítt og breitt um Noreg (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Í kjölfar þróunar í æskulýðsmálum á Norðurlöndum hefst starfsemi félagsmiðstöðva á Íslandi þegar fyrsta æskulýðsheimilið opnaði í Reykjavík árið 1957. Nokkrum árum seinna eru opnuð æskulýðsheimili á Siglufirði og í Hafnarfirði og fyrsta félagsmiðstöðin leit dagsins ljós á Akureyri 1972. Um miðjan áttunda áratuginn spruttu félagsmiðstöðvar upp í flestum þéttbýliskjörnum (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Það má nefna að þó að fyrir þennan tíma voru það ungmennafélög og íþróttafélög sem sáu um allt æskulýðs- og menningarstarf fyrir ungmenni landsins og má segja að ungmennafélögin hafi verið undanfarar félagsmiðstöðva (SAMFÉS, e.d.). Það var þann 9. desember 1985 sem Samtök íslenskra félagsmiðstöðva voru stofnuð (Árni Guðmundsson, 2007). Á stofnfundi samtakanna voru samþykkt lög og markmið SAMFÉS sem voru t.d. að auka samskipti og samvinnu félagsmiðstöðva, hafa áhrif á umræðu og löggjöf um æskulýðsmál og að stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Í dag er starfssemi SAMFÉS fjölbreytt með ýmsu viðburðarhaldi og eru félagsmiðstöðvarnar orðnar 106 talsins (SAMFÉS, e.d.).

4.2 Starfsemi félagsmiðstöðva

Hugmyndafræði félagsmiðstöðva liggur þvert á fræðigreinar sem fjalla um félagsleg tengsl en kenningargrunnur starfsins byggir m.a. á sálfræði, tómstundafræði og félagsfræði. Starfið er upphaflega byggt á hinum ýmsu kenningum um félagsmótun. Félagsmótunarkenningar útskýra hvernig hópar í eðli sínu móta þá einstaklinga sem þeim tilheyra og viðmið og gildi einstaklinganna taka oft mið af hópnum (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Samkvæmt SAMFÉS er hið eiginlega hlutverk félagsmiðstöðva að stuðla að jákvæðum þroska unglunga. Það felst í að ýta undir sjálfstæði þeirra í verki og félagslegum samskiptum sem gerir þau í stakk búin að takast á við lífsins verkefni (SAMFÉS, e.d.).

4.2.1 Inntak

Eins og kom fram hér á undan teljast félagsmiðstöðvar til opins æskulýðsstarfs (Orðasafn í tómstundafræði, 2019). Æskulýðsstarf þarf að fylgja nokkrum viðmiðum til að það teljist sem slíkt en viðmiðin eru eftirfarandi:

1. *Starfið er fyrir ungt fólk og útgangspunkturinn er líf þeirra og umhverfi.*
 2. *Starfið hefur menntun (í viðum skilningi) og velferð ungs fólks að leiðarljósi.*
 3. *Þátttaka í starfinu er sjálfviljug.*
 4. *Starfið einkennist af vinsemd og heilindum auk þess sem aðgengi er gott og sveigjanleiki til staðar til að mæta ólíkum þörfum ungs fólks á hverjum tíma.*
 5. *Starfið fóstrar félagsleg tengsl og gefur ungu fólki færi á að tilheyra samfélagi.*
- (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017)

Þessi viðmið ættu að vera leiðarljós fyrir starfsfólk á vettvangi félagsmiðstöðva og geta nýst við mótun starfsins. Til dæmis er ekki hægt að skylda einstaklinga til þátttöku, heldur þurfa þeir sjálfir að velja að sækja starfið. Þó að viðmiðin gefi skýra sýn um hvernig eigi að þróa innra starf félagsmiðstöðva er ekki til sérstök „námskrá“ um það hvað nákvæmlega á að fara fram í félagsmiðstöðvum eða þá lög um opnunartíma eða aðstöðu félagsmiðstöðva á landsvísu. Mögulega þarf að endurskoða æskulýðslög til að skilgreina betri gæðaviðmið fyrir allar félagsmiðstöðvar. Lög um félagsmiðstöðvar gætu stuðlað að því að samræma starfssemi og aðstöðu allra félagsmiðstöðva. Hér á landi eru félagsmiðstöðvar að jafnaði opnar um 15. klst á viku. Þetta er þó afar misjafnt eftir sveitarfélögum. Dæmi eru um að félagsmiðstöðvar séu opnar allt að 49 klukkustundir á viku en annarsstaðar aðeins tvö kvöld í mánuði. Einnig má nefna að aðstöður félagsmiðstöðva eru ólíkar en um helmingur félagsmiðstöðva er með húsnæði í grunnskóla sveitarfélagsins en hinn helmingurinn með aðstöðu óháða skólanum. Gallarnir við þetta eru að starfsemi félagsmiðstöðva er breytileg eftir sveitarfélögum en kostirnir þeir að auðvelt er að þróa starfið og breyta því í takt við tíðaranda hverju sinni (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017).

Ekki eru gerðar kröfur um lágmarkspáttöku í félagsmiðstöðvarstarfi eða skuldbindingu í formi skráningar (Orðanefnd í tómsundafræði, 2019) og unglingarnir stjórna því alveg sinni eigin páttöku. Þó eru undantekningar um þetta t.d. í klúbbastarfi eða ferðum en þar skrá ungmennin sig oftast sjálf til páttöku (Reykjavíkurborg, 2017). Ungmennin eiga því að hafa mikið um starfið og páttöku sína í starfinu að segja enda er starf í félagsmiðstöðvum byggt á hugmyndafræði unglíngalýðræðis sem á að tryggja áhrif páttakenda á starfið. Í öllum félagsmiðstöðvum eru unglingaráð sem móta starfið og eru rödd unglinganna (Reykjavíkurborg, e.d.)

4.2.2 Eðli starfsins

Í félagsmiðstöðvarstarfi eru tvær algengar leiðir sem hægt er að móta starfið út frá. Það er annars vegar opið starf sem á að vera ætlað öllum unglingum í nærumhverfi. Opna starfið á einungis að vera að hluta til undirbúið af starfsfólki, en dagskráin síðan mótuð af áhuga ungmennana, hugmyndum og menningu. Mótun opna starfsins getur t.a.m verið í gegnum unglingaráð eða að ungmenni setja hugmyndir sínar á blað og skila til forstöðumanns (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Dæmi um opið starf eru svokölluð „opin hús“ sem er vettvangur fyrir ungmenni til að koma saman og spjalla (Árni Guðmundsson, 2007). Það getur því verið vettvangur fyrir t.d. tengslamyndun milli jafnaldra. Hin leiðin sem er algeng í starfi félagsmiðstöðva er hópastarf. Þar er unnið að sameiginlegum viðfangsefnum með samvinnu og samkennd í hug. Dæmi um hópastarf sem stendur yfir allan veturinn er unglingaráð (Árni Guðmundsson, 2007). Hópastarfið er fjölbreytilegt og hægt er að haga því á tvo vegu: áhugasviðsklúbbur og sértækt hópastarf. Í áhugasviðsklúbbum er unnið út frá ákveðnu þema t.d. myndlistarklúbbur þar sem þeim sem finnst gaman að skapa list geta gert það með öðrum sem hafa sama áhuga. Sértækt hópastarf er frekar úrræði til að styrkja einstaklingana sem það sækja, sjálfsmýnd þeirra og félagslega hæfni.

4.3 Mikilvægi félagsmiðstöðvarstarfs

Félagsmiðstöðvar eru staður unga fólksins og í raun sá staður þar sem unglingamenning fær hvað mest að blómstra. Unglingar eiga sinn menningarkíma sem einkennist af mikilvægustu málefnum ungs fólks á hverjum tíma (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Félagsmiðstöðvastarf á Íslandi byggir á hugmyndafræði unglíngalýðræðis og í öllum félagsmiðstöðvum eru virk unglingaráð sem eru talsmenn jafnaldra sinna (Reykjavíkurborg, e.d.). Félagsmiðstöðvarnar eru því staðir þar sem raddir unga fólksins heyrast. Einnig má segja að félagsmiðstöðvar hafi samfélagslegt gildi en þær geta verið vettvangur fyrir uppkomandi kynslóðir til að þroskast og dafna á jákvæðan hátt.

4.3.1 Óformleg menntun

Í bók sinni *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík* skrifar Árni Guðmundsson (2007) að félagsmiðstöðvar séu menntasetur þar sem óformleg menntun á sér stað. Árni nefnir að þau „fög“ sem virkir þátttakendur í starfi félagsmiðstöðva öðlast hæfni í eru félagsleg samskipti, lýðræðisleg vinnubrögð og virk þáttaka. Ungmennin öðlast því ýmsa hæfni og færni í félagsmiðstöðinni sem getur komið að góðum notum í daglegu lífi og til framtíðar. Þetta leiðir af sér hæfari einstaklinga í samfélaginu. Því má færa rök fyrir því að óformlegt nám á vettvangi frítímans hafi mikið gildi fyrir samfélagið og að allir hópar þess ættu að hafa aðgang að slíkum vettvangi t.d. unglingar, aldraðir eða innflytjendur (Eygló Rúnarsdóttir, 2011).

4.3.2 Sjálfsmynd

Félagsmiðstöðvar eru þessi aðgengilegi vettvangur í frítíma unglunga. Eins og áður kemur fram þarf ekki að skrá sig eða greiða gjald til að taka þátt í starfinu sem er leitt af hæfu starfsfólki. Þar sem að þátttakendur félagsmiðstöðva sækja starfið sjálfviljugir af innri áhugahvöt eru meiri líkur á jákvæðum tilfinningum og viðhorfum gagnvart starfinu. Ungmennin eru því líklegri til að líta á viðfangsefni sem áskoranir og til að leggja sig mikið fram, með fullri athygli og því er vettvangurinn kjörinn til menntunnar. Þetta getur líka verið tækifæri fyrir þau ungmenni sem gengur erfiðlega í skóla eða standa höllum fæti í samfélaginu til að taka þátt í fjölbreyttu starfi þar sem þau upplifa sig sterk og um leið styrkja trú sína á eigin getu (Eygló Rúnarsdóttir, 2011). Jákvæð áhrif þátttöku í félagsmiðstöðvum felast því m.a. í því að efla einstaklinginn og andlega heilsu ungmenna en hlutverk félagsmiðstöðva er að byggja upp sjálfsmynd unglunga, virkja þau til þátttöku í samfélaginu og efla félagslega hæfni og samkennd (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Þetta er mikilvægt í ljósi þess að vísbendingar eru um að geðheilsu íslenskra ungmenna fari hrakandi og að þunglyndi og kvíði séu algengari en áður fyrr (Nanna Briem, 2019). Rannsóknir sýna að þeir fullorðnu einstaklingar sem höfðu lélegt sjálfsmat á unglingsárum eru líklegri en aðrir til að búa við slæma heilsu, bæði andlega og líkamlega. Þá kom einnig í ljós að þessir einstaklingar voru líklegri til að glíma við fjárhagsleg vandamál eða sýna af sér afbrotahegðun. Þetta gefur til kynna hversu mikilvægt getur verið að styrkja ungmenni sem einstaklinga þannig að þau fái tækifæri til að þroskast á jákvæðan hátt (Fradkin, 2019).

4.3.3 Jafningjahópurinn

Jafningjahópurinn spilar stórt hlutverk í lífi unglunga. Harry Stack Sullivan var einn áhrifamesti fræðamaður til þess að varpa fram hugmyndum um mikilvægi vináttunnar á unglingsárum. Samkvæmt Sullivan breytist hlutverk vináttusambanda þegar kemur á unglingsárin en þörf fyrir nánd við jafningja eykst á þessum árum og unglingar mynda frekar trygg og nán sambönd við fáa vini í stað þess að leitast eftir vinasamböndum við marga eins og yngri börn gera. Þessi

tengslamyndun skiptir unglunga miklu máli en þeir unglingar sem ná ekki að mynda nán vináttusambönd upplifa einmannaleika og það hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra (Santrock, 2017). Eitt af meginhlutverkum félagsmiðstöðva er að bjóða upp á vettvang til skemmtunar og samveru með jafnöldrum í vernduðu umhverfi sem getur stuðlað að jákvæðum þroska (SAMFÉS, e.d.). Í þessu samhengi má líta á félagsmiðstöðvar sem vettvang til tengslamyndunar við jafnaldr og mögulegrar vináttusambanda. Vinátta er mikilvæg öllum börnum, þjálfar félagsfærni og gefur lífinu gildi. Vinaleysi getur hinsvegar verið erfið lífsreynsla sem getur haft neikvæð áhrif til langframa. Börn læra félagsfærni í samskiptum við jafningja sína og hægt er að þjálfra hana í óformlegum samræðum (Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017). Sýnt hefur verið fram á að tómstundir sem stundaðar eru í hóp hafi sérstaklega góð áhrif á börn sem eru vinfá eða hafa veika stöðu í jafningjahópnum (Simpkins og Slutzky, 2009).

4.3.4 Forvarnir

Eins og kom fram í kaflanum um tómstundastarf getur starf á vettvangi frítímans verið forvörn gegn ýmsum áhættuþáttum (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2010). Félagsmiðstöðvarstarf hefur frá upphafi átt að vera forvarnarstarf en túlkun á forvarnarstarfi hefur breyst með tímanum með auknum skilningi á lífi unglunga (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Félagsmiðstöðvar eru staður þar sem unglingar geta varið frítíma sínum án áfengis og vímuefna. Forvarnirnar snúa ekki einungis að vímuefnum heldur ýmsum víðtækari vandamálum sem ungmenni geta þurft að takast á við í sínu daglega lífi. Forvarnargildi félagsmiðstöðva eru gerð góð skil í Handbók Félagsmiðstöðva Akureyrar en þar kemur fram að forvarnargildið er fjölþætt og yfirgripsmikið. Það snýr m.a. að því að styrkja sjálfsmynd þátttakenda og vera vakandi fyrir vísbendingum sem geta gefið til kynna hvaða ungmenni það eru sem þurfa á aðstoð að halda. Vandamálin sem unglिंगarnir þurfa að glíma við í sínu lífi geta verið margvísleg t.d. einelti, átröskun, erfiðar heimilisaðstæður, félagsleg einangrun eða tölvufíkn. Forvarnarstarfið felst líka í því að virkja félagslega óvirk börn og ungmenni í starfi til að efla félagshæfni þeirra. Starfsmenn félagsmiðstöðvanna vinna náið með öðrum stofnunum til að tryggja hag ungmennanna (FÉLAK, 2016).

Eitt helsta hlutverk félagsmiðstöðva er að mæta þeim ungmennum sem stunda ekki aðrar tómstundir í frítíma eða eru jafnvel á jaðri samfélagsins og þurfa frekari stuðning en aðrir jafnaldrar þeirra. Það er áskorun að starfsemin komi til móts við ólíkar þarfir þessara ungmenna og mæti þeim á þeirra forsendum. Unglingar sem tilheyra þessum hópum eru t.d. unglingar með fatlanir, hinsegin unglingar eða þau sem búa við bága félags- eða efnahagslega stöðu (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Það þarf sérstaklega að leita eftir rödd þessara ungmenna og þá helst þegar verið er að skoða mál sem snúa að stöðu þeirra í samfélaginu (Alfa Aradóttir, 2017). Það vill stundum til að einstaklingar sem upplifa sig jaðarsetta dragi sig í hlé og sitji á skoðunum sínum því þeir upplifa stöðu sína veika. Því er það

á ábyrgð leiðbeinanda í tómstundastarfi að tryggja að það sé aðgengi fyrir alla, að hvetja til virðingar og umburðarlyndis, að efla trú fólks á eigin getu og að skapa tækifæri þar sem ungmennin geta æft sig í samskiptafærni (Árni Guðmundsson, 2017).

Nærvera fullorðinna leiðbeinanda er lykilatriði í æskulýðsstarfi. Leiðbeinendur í góðu æskulýðsstarfi eiga að hvetja ungmenni til frumkvæðis og styðja þau í ákvarðanatökum en á sama tíma að vera leiðtogar bak við tjöldin (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Fullorðnir leiðbeinendur í félagsmiðstöðvum gegna öðru veigamiklu hlutverki í lífi barna og unglunga sem mikilvægir fullorðnir aðrir (e. very important nonparental adults). Einn af styðjandi þáttum í lífi unglunga eru traust og umhyggjusöm tengsl við fullorðinn einstakling í nærumhverfi þeirra. Sambönd af þessu tagi eru eðlilegur hluti af þroska unglunga og ýta undir seiglu hjá börnum og unglingum, sem er sú geta sem allir búa yfir til að þroskast og læra á farsælan hátt (Eygló Rúnarsdóttir, 2011).

5 Samantekt - Mikilvægi félagsmiðstöðvarstarfs í lífi ungmenna af erlendum uppruna

Innflytjendur tilheyra einum af þeim samfélagshópum sem mæta ýmis konar hindrunum í daglegu lífi sem draga úr þátttöku í tómstundastarfi. Einstaklingar sem tilheyra þessum hópum eru líklegri til að upplifa einmanaleika og óvirkni í frítíma sínum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014). Illa nýttur frítími og iðjuleysi geta verið rót vanda í lífi fólks. Það getur verið erfitt fyrir fólk að upplifa að tilheyra ekki eða vera óþarft. Sú upplifun getur leitt til andstöðu og átaka einstaklingsins við umhverfi sitt (Árni Guðmundsson, 2017). Þessar hindranir hamla ekki bara fullorðnum innflytjendum heldur börnum og ungmennum líka (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a).

Líkt og greint var frá í kaflanum um stöðu ungmenna af erlendum uppruna er félagsleg staða þeirra á margan hátt lakari en innlendra jafnaldra. Ungmenni af erlendum uppruna eru líklegri til að upplifa félagslega einangrun, þau mynda síður tengsl við íslenska jafnaldra sína og finnst þau síður vera hluti af jafningjahópnum. Þau upplifa frekar vanlíðan en íslenskir jafnaldrar, líður verr í skólanum, námsárangur er slakari, þau eru líklegri til að flosna upp úr námi og taka síður þátt í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a). Þessum ungmennum finnst þau oft á tíðum ekki tilheyra íslensku samfélagi og er sjálfsmynd þeirra fyrir vikið verri en innlendra barna (Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa, 2011). Tómstundastarf er tækifæri til samfélagslegrar virkni og eflir sjálfsmynd einstaklinga og hæfni þeirra í félagslegum samskiptum (Árni Guðmundsson, 2017). Því getur verið mikilvægt að hvetja til þátttöku erlendra barna og ungmenna í tómstundastarfi þar sem rannsóknir sýna greinilega að styrkja þurfi félagslega stöðu þeirra. Vettvangur félagsmiðstöðva er vettvangur valdeflingar unga fólksins. Þar fá ungmenni tækifæri til að uppgötva styrkleika sína og styrkja trú á eigin getu, þetta getur verið mikilvægt fyrir þau ungmenni sem eru t.d. slakir námsmenn (Eygló Rúnarsdóttir, 2011). Þar fer einnig fram óformleg menntun og ungmenni öðlast hæfni og færni á ýmsum sviðum sem nýtast út í lífið (Árni Guðmundsson, 2007).

Félagsmiðstöðvar eru staður unga fólksins á vettvangi frítímans og þar fær menning þeirra að blómstra. Starfið er opið öllum ungmennum í nærumhverfi og eru engin skilyrði um lágmarkspátttöku (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017) Það þarf heldur ekki að greiða gjald til að taka þátt í félagsmiðstöðvarstarf (Eygló Rúnarsdóttir, 2011). Þessi þáttur félagsmiðstöðvastarfs getur skipt máli fyrir þátttöku erlendra unglunga þar sem þau eru líklegri til að hætta í tómstundastarfi sökum fjárhags (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a). Áhersla starfsins er að bjóða upp á vettvang þar sem ungmenni geta skemmt sér með jafnöldrum í frítíma sínum í vernduðu umhverfi og þar skapast tækifæri til að mynda tengsl og vináttusambönd (FÉLAK, 2016). Það getur verið dýrmætt börnum af erlendum uppruna þar sem þau eyða að jafnaði minni tíma með jafnöldrum eftir skóla en önnur börn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a). Rannsóknir styðja við þetta og sýnt hefur verið fram á að


Þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi er mikilvægur liður til að draga úr félagslegri einangrun (Reykjavíkurborg, 2013).

Starf félagsmiðstöðva getur verið vettvangur fyrir erlend börn til að æfa sig í íslensku tungumáli. Margir innflytjendur sem sótt hafa íslenskunámskeið upplifa að erfitt sé að fá aðgang að íslensku málsamfélagi (Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Íslensk rannsókn greindi frá því að lengri dvöl í íslensku málsamfélagi sé leið til að bæta íslenskufærni barna af erlendum uppruna. Ávinningurinn væri einnig félagslegur þar sem bætt tungumálakunnátta auðveldar samskipti við jafningja (Reykjavíkurborg, 2013).

Félagsmiðstöðvastarf er forvarnarstarf þar sem unglingar geta skemmt sér án áfengis og vímuefna. Forvarnarstarfið er þó yfirgripsmeira og sinnir víðtækari vandamálum sem sumir unglingar kljást við í sínu lífi, einnig er lögð áhersla á að styðja við ungmenni sem eru á jaðri samfélagsins. Félagsleg einangrun og slök sjálfsmynd eru t.a.m. vandamál í lífi margra unglinga af erlendum uppruna sem möguleiki væri að sporna gegn í félagsmiðstöðinni (FÉLAK, 2016).


6 Reykjanesbær - „Í krafti fjölbreytileikans“

Íslenskt samfélag hefur þróast í fjölmenningsamfélag á stuttum tíma en innflytjendum hefur fjölgað mikið hérlandis á síðustu 20 árum. Ástæða þessa eru auknir fólksflutningar, alþjóðavæðing í menntun og atvinnu og aukning flóttamanna á heimsvísu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020-a). Innflytjendur á Íslandi eru fjölbreyttur hópur og eru ýmsar ástæður fyrir flutningum þeirra t.d til að sinna atvinnu eða vegna fjölskyldutengsla (Hagstofa Íslands, 2019-a). Árið 2012 voru innflytjendur um 8% þjóðarinnar, þeim hefur fjölgað jafnt og þétt síðan og árið 2019 voru innflytjendur 50.272 sem er 12,6% landsmanna. Mikil fjölgun hefur einnig verið í hópi innflytjenda af annarri kynslóð. Þeir voru 4.861 árið 2018 en 5.236 árið 2019. Fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda voru því samanlagt 15,6% af heildarfjölda þjóðarinnar í janúar 2019 (Hagstofa Íslands, 2019-b).



Mynd 1: Mannfjöldi eftir bakgrunni 1996-2019 (Hagstofa Íslands, 2019-b)

Fjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi eru Pólverjar en þeir voru 19.172 í janúar 2019 og eru þeir 38,1% allra innflytjenda. Samkvæmt tölum frá 1. janúar 2019 búa flestir innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu eða 63,6% allra innflytjenda en miðað við höfðatölu var hlutfall innflytjenda af fyrstu eða annarri kynslóð mest á Suðurnesjum eða 26,6% íbúa (Hagstofa Íslands, 2019-b).



Mynd 2: Hlutfall innflytjenda eftir landsvæðum (Hagstofa Íslands, 2019-b)

6.1 Þróun fjölmenningarmála í Reykjanesbæ á síðastliðnum árum

Reykjanesbær er fjölmennasta sveitarfélag Suðurnesja með 19.683 íbúa samkvæmt tölum frá Þjóðskrá í janúar 2021. Reykjanesbær er jafnframt fjölmennasta sveitarfélag landsins utan höfuðborgarsvæðisins (Þjóðskrá, 2021). Um 25% íbúa Reykjanesbæjar eru af erlendum uppruna og er því mikil fjölmennning í bænum þar sem íbúar koma frá tæplega 60 þjóðlöndum (Reykjanesbær, e.d.-a).

Til þess að virkja og koma til móts við þann fjölbreytta mannauð sem býr í Reykjanesbæ var mótuð heildarstefna sveitarfélagsins „Í krafti fjölbreytileikans“. Áherslur stefnunnar byggja á 12 Heimsmarkmiðum (Reykjanesbær, 2020-b). Í framhaldi af breyttri stefnu var sett á laggirnar viðamikil samfélagsverkefni sem snýr að því að auka lífsgæði og vellíðan bæjarbúa á markvissan hátt. Verkefnið ber heitið Allir með og snýr mestmegnis að vellíðan barna frá öllum menningarheimum en haustið 2020 voru um 13% barna í grunnskólum Reykjanesbæjar með erlent ríkisfang (Reykjanesbær, 2020-a). Kafað verður dýpra í það verkefni í næstu köflum.

6.2 Í krafti fjölbreytileikans

Árið 2019 var samþykkt ný stefna Reykjanesbæjar sem ber heitið „Í krafti fjölbreytileikans“ (Reykjanesbær, 2020-b). Markmið stefnunnar felast í að sjá tækifæri í svo fjölbreyttum mannauð samfélagsins og leita leiða til að virkja hann (Reykjanesbær, 2019). Stefnan er byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og gengur út frá sex stefnuáherslum sem eru; börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og

skilvirk þjónusta (Reykjanesbær, 2020-b). Tvær stefnuáherslur koma mest að málefnum ungra innflytjenda, tómstundum þeirra, frítíma og réttindum, þær eru: *Börnin mikilvægust* og *Kraftur fjölbreytileikans*. Undir stefnuáherslunni *Börnin mikilvægust* er t.d. lögð áhersla á að fjölga strætóferðum og hækka hvatagreiðslur til að stuðla að bættri þáttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi. Stefnuáherslan *Í krafti fjölbreytileikans* miðar að því að bæta upplýsingaflæði til innflytjenda til að auka þáttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi og að fagna fjölbreytileikanum með því t.d. að halda upp á Þjóðhátíðardag Pólverja. Við nánari athugun er því hægt að sjá að stefnumál sem snúa að málefnum barna gangi mikið út á að auka gæði í frítíma þeirra og að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir alla. Stefnuáherslurnar tvær koma inn á tvö heimsmarkmið, þau eru:

a. Heimsmarkmið nr. 4: Menntun fyrir alla

b. Heimsmarkmið nr. 10: Aukinn jöfnuður

Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna eiga að stuðla að friði og frelsi um allan heim og eru mótuð í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar (Reykjanesbær, 2019).

6.3 Allir með

Haustið 2020 fór af stað samfélagsverkefni Reykjanesbæjar *Allir með!* sem er styrkt af félagsmálaráðuneytinu og UMFÍ. Verkefnið leggur áherslu á velferð og vellíðan barna en markmið verkefnisins er að styðja við börn samfélagsins svo að þau fái öll jöfn tækifæri til að taka þátt og tilheyra. Áherslur verkefnisins eru að styrkja og styðja við innviði samfélagsins til þess að auka lífsgæði og efla jákvætt viðmót meðal þeirra sem starfa að málefnum barna og ungmenna á skipulagðan hátt. Þessum hópi tilheyra t.d. grunnskólakennarar, þjálfarar íþróttafélaga og forstöðumenn frístundaheimila. Verkefnið er leitt af ungmennafélögum bæjarins sem eru Keflavík og UMFN. Félögin hafa yfirumsjón með að kynningu á því íþrótt- og tómstundastarfi sem í boði er, safna tölfræðiupplýsingum og verkefnastjórn. Þriðji aðilinn sem kemur að verkefninu er fyrirtækið KVAN en þau munu sjá um fræðslu þeirra sem starfa með börnum og ungmenum og halda úti leiðtogafræðslu fyrir alla nemendur í 9. bekk. Fyrirtækið sérhæfir sig í að styðja fólk við að læra að þekkja styrkleika sína og sinn innri kraft. Eins hafa þau unnið mikið með börnum, t.d. að vináttuþjálfun og mikilvægi þess að tilheyra sem er akkúrat markmið *Allir með!*. *Allir með!* leggur áherslu á orðatiltækið „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ (e. it takes a village to raise a child) sem vísar í það að allir íbúar samfélagsins beri ábyrgð á að móta gott samfélag sem stuðlar að velferð barnanna sem þar búa með jákvæð samskipti, stuðning og náungakærleik að leiðarljósi. Til að vekja athygli á þessari hugmyndafræði verkefnisins var mótaður samfélagssáttmáli sem stuðlar að ábyrgð samfélagsþegna, en hægt er að skrifa undir sáttmálann á vefsíðu Reykjanesbæjar. Áhersla er lögð á virkni í frítíma barna og stefnt er að því að öll börn taki þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi til að stuðla að vellíðan þeirra, efla vináttufærni og vináttutengsl í gegnum leik og jákvæð samskipti (Reykjanesbær, 2020-a). Sérstök áhersla er lögð á að ná til barna af


erlendum uppruna en samkvæmt tölum frá Reykjanesbæ 2020 taka þau síður þátt í tómstundastarfi en íslenskir jafnaldrar þeirra sem endurspeglar tómstundaþáttöku erlendra barna á landsvísu (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2020-b). Af þeim 3.180 börnum á aldrinum 6-18 ára sem bjuggu í Reykjanesbæ í október 2020 voru 430 þeirra með erlent ríkisfang eða um 13% sem er dágóður fjöldi.

Teknar voru saman tölulegar upplýsingar um þátttöku í tómstundastarfi barna út frá aldri og kyni en leiðtogar og þjálfarar greindu hópa sína út frá aldri og uppruna. Mynd 3 sýnir að 2.760 börn taka þátt í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi og að um 8% þeirra eru börn af erlendum uppruna eða um 214 börn. Ef við miðum þessar tölur við fjölda barna í Reykjanesbæ kemur í ljós að af öllum erlendum börnum í Reykjanesbæ eru tæplega 50% þeirra sem sækja tómstundastarf. Hinsvegar eru um 92% allra íslenskra barna sem taka þátt í tómstundastarfi. Þarna má sjá að gríðarlegur munur er á milli þátttöku milli hópa. Þó sýna þessi gögn ekki stöðuna nákvæmlega eins og hún er þar sem þau börn sem stunda fleiri en eina tómstund voru talin oftari en einu sinni. Tölurnar gefa þó til kynna að munur sé á þátttöku barna eftir uppruna þeirra. Vert er að taka fram að inni í þessum tölum er ekki tekin fram þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfi (Reykjanesbær, 2020-a).

	Ísl KK	Ísl KVK	Erl KK	Erl KVK	Samtals	Hlutfall ísl. uppruna	Hlutfall erl. uppruna
Fótbolti	428	213	43	9	693	92%	7,50%
Karfa	177	221	12	7	417	95%	4,56%
Tónlistarskólinn	99	163	17	26	305	86%	14,10%
Dans	12	206	0	29	247	88%	11,74%
Fimleikar	56	164	1	14	235	94%	6,38%
Sund	69	80	5	3	157	95%	5,10%
KFUM&K	39	102	0	0	141	100%	0,00%
Hestar	34	90	0	9	133	93%	6,77%
Golf	87	25	0	0	112	100%	0,00%
Taekwando	61	18	4	4	87	91%	9,20%
Hnefaleikar	33	19	1	8	61	85%	14,75%
Leikfélagið	1	50	0	1	52	98%	1,92%
Skátar	20	9	6	1	36	80,56%	19,44%
Hjálpræðisherinn	10	3	8	3	24	54%	45,83%
Björgunarsveitin	11	5	2	0	18	89%	11,11%
Blak	6	10	0	0	16	100%	0,00%
NES	12	1	0	0	13	100%	0,00%
Plútó	6	6	0	1	13	92%	7,69%
Samtölur	1161	1385	99	115	2760	92%	7,75%

Mynd 3: Fjöldi og hlutfall þátttakenda í Reykjanesbæ (Reykjanesbær, 2020-a).

Foreldrar geta sótt um niðurgreiðslur á gjaldi vegna þátttöku barna sinna í viðurkenndu íþrótt- og tómstundastarfi. Þessar greiðslur kallast hvatagreiðslur. Tölur frá Reykjanesbæ sýna að 94% foreldra íslenskra barna nýta sér þessar greiðslur en aðeins 6% foreldra erlendra barna. Það er einn liður í verkefningu *Allir með!* að bæta nýtingu hvatagreiðslna þannig að það stuðli að því að börn njóti þessa styrks óháð þjóðerni (Reykjanesbær, 2020-a).



Mynd 4: Hvatagreiðslur í Reykjanesbæ til foreldra (Reykjanesbær, 2020-a)

7 Aðferð og framkvæmd

Í þessum kafla verður greint frá þeirri aðferðafræði sem notuð var við rannsóknina. Fyrst verður greint frá rannsóknarspurningu, næst farið yfir rannsóknaraðferðir og að lokum verður greint frá söfnun gagna og úrvinnslu þeirra.

7.1 Rannsóknarspurning

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna þátttöku erlendra barna í félagsmiðstöðvum í Reykjanesbæ. Leitast var við að svara eftirfarandi spurningu:

- Hvert er þátttökuhlutfall erlendra ungmenna í Fjörheimum?
- Er munur á þátttöku erlendra barna eftir kyni í Fjörheimum?

Til þess að svara rannsóknarspurningunni var rýnt í fyrirliggjandi gögn frá félagsmiðstöðinni Fjörheimum í Reykjanesbæ. Einnig voru nýttar upplýsingar úr samtali við starfsmann félagsmiðstöðvarinnar, til að dýpka skilning á þátttöku ungmenna í starfinu. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu nýst við áframhaldandi þróun verkefnisins *Allir með!*

Nú þegar liggja fyrir gögn um þátttöku barna og ungmenna í Reykjanesbæ í tómstundastarfi en gögn um þátttöku í félagsmiðstöðvum voru af skornum skammti. Eins og komið hefur fram taka börn af erlendum uppruna síður þátt í tómstundastarfi en íslenskir jafnaldrar þeirra. Þessar upplýsingar eiga við um Reykjanesbæ sem og á landsvísi. Því er vert að kanna hvort þátttaka erlendra barna sé jafn dræm á vettvangi félagsmiðstöðva og raun ber vitni í öðru tómstundastarfi.

7.2 Rannsóknaraðferð - Blandaðar rannsóknaraðferðir

Rannsóknir eru kerfisbundið ferli sem ætlað er til að afla sannrar þekkingar. Þær eru forsendur framfara og undirstaða vísinda. Þær skiptast iðulega í meginlegar og eigindlegar rannsóknar aðferðir. Meginlegar rannsóknir eiga sér langa hefð. Einkenni meginlegra aðferða eru þau að tölulegum upplýsingum er safnað kerfisbundið og hlutlægt og tölfræði beitt við framsetningu og túlkun gagna. Dæmi um meginlegar aðferðir er að tekið er úrtak úr þeim hópi sem verið er að rannsaka til þess að fá upplýsingar um einkenni ákveðins þýðis. Leitast er við að finna tengsl milli breyta og orsakasambanda ákveðinna þátta, til dæmis með því að bera saman tilraunahópa og samanburðarhópa. Rætur eigindlegra rannsóknaraðferða má rekja aftur í heimspeki fyrri alda en það var ekki fyrr en á síðari hluta 20. aldar sem hugmyndirnar þróuðust yfir í ákveðna rannsóknaraðferð. Vegna þess hversu eigindlegar rannsóknir eru fjölbreytilegar þykir mörgum erfitt að gefa eina skilgreiningu á rannsóknaraðferðinni. Það er þó sammerkt með flestum rannsóknunum að með þeim er leitast við að útskýra tiltekin mannleg fyrirbæri, hvers eðlis sem þau svo eru. Í stuttu máli einkennast eigindlegar rannsóknaraðferðir af því að kafað er djúpt ofan í rannsóknarefnið með því að taka viðtöl, framkvæma vettvangsskoðun, velja í rýnihópa og skoða fyrirliggjandi skjöl og gögn. Á síðustu árum hafa rannsakendur haft tilhneigingu til

að nota bæði meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir til að svara rannsóknarspurningum sínum, þá valið að nota báðar aðferðirnar til skiptis og/eða blanda þeim saman. Þetta kallast blandaðar rannsóknar aðferðir (e. mixed methods). Þannig er hægt nýta það besta úr báðum aðferðum til að dýpka skilning á niðurstöðum. Tölfræðiupplýsingar þessarar rannsóknar byggja á fyrirliggjandi gögnum en sú úrvinnsluaðferð virkar þannig að rannsakandi aflar ekki gagna heldur nýtir hann gögn sem aðrir hafa skráð. Áreiðanleiki slíkrar úrvinnsluaðferðar fer eftir því hversu nákvæmlega var unnið með gögnin áður en rannsakandi fær aðgang að þeim. Það er síðan hlutverk rannsakandans að rýna í gögnin og setja þau fram á aðgengilegan hátt. Helstu kostir þessarar gagnagreiningar er að rannsakandi getur unnið með stærra úrtak en þegar hann þarf að afla frumgagna, einnig er aðferðin fljótlegri en flestar rannsóknaraðferðir því ekki þarf að eyða tíma í að taka saman gögnin. Að greina fyrirliggjandi gögn nýtist oft vel þegar greina á þjónustu og geta niðurstöður leitt til þess að hægt sé að rökstyðja þörf á úrbótum (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Við vinnslu rannsóknar fékk rannsakandi aðgang að meginlegum upplýsingum sem voru tölfræðigögn um þátttöku í félagsmiðstöðinni Fjörheimum í Reykjanesbæ. Þegar rannsakandi rýndi í gögnin með starfsmanni Fjörheima áttu þau samtal um hvernig þátttökunni væri háttað. Starfsmaðurinn kom með góðar ábendingar sem dýpkuðu skilning á þeim hópi ungmenna sem sækir starfið. Í kjölfarið ákvað rannsakandi að vitna í munnlegir heimildir úr þessu samtali til að gefa skýrari mynd af stöðunni.

7.3 Gagnasöfnun og úrvinnsla gagna

Rannsóknarvinnan hófst í byrjun árs 2021 þegar rannsakandi hafði samband við verkefnastjóra fjölmenningsarmála í Reykjanesbæ sem heldur jafnframt utan um verkefnið *Allir með!*. Verkefnastjóri útvegaði aðgang að ýmsum gögnum um stöðu innflytjenda í Reykjanesbæ ásamt upplýsingum um verkefnið *Allir með!*. Rannsakandi hafði einnig samband við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima sem veitti upplýsingar og vísaði á undirmann sinn, starfsmann Fjörheima sem sér um tölfræðilega gagnaöflun fyrir félagsmiðstöðina. Rýnt var í fyrirliggjandi gögn Fjörheima um mætingu og virkni í félagsmiðstöðinni til að fá yfirsýn yfir þátttöku ungmenna af erlendum uppruna.


Gagnasöfnun gekk vel og mætti rannsakandi jákvæðu viðmóti frá öllum þeim er leitað var til. Aðgengi að bæði starfsfólki og upplýsingum var gott en nóg var til af tölfræðilegum gögnum til að vinna úr. Samtöl við starfsfólk Fjörheima á meðan vinnu stóð gáfu góða innsýn inn í félagsmiðstöðvarstarfið og þátttöku erlendra ungmenna sem dýpkaði skilning rannsakanda á efninu. Söfnun gagna lauk í lok apríl en vinnsla á fræðilegum hluta ritgerðar stóð frá febrúar fram í maí. Við úrvinnslu rannsóknarhlutans var notast við spurningalista til að greina enn betur úr tölfræðiupplýsingum um þátttöku. Við rannsóknarvinnuna bættist við þann lista þar sem þörf var á upplýsingum til þess að fá heildstæðari mynd á þátttöku ungmenna með erlent ríkisfang.

7.4 Niðurstöður rannsóknar

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og leitast verður eftir að svara rannsóknarspurningunum þremur:


- Hvert er þátttökuhlutfall erlendra ungmenna í Fjörheimum?
- Er munur á þátttöku erlendra barna eftir kyni í Fjörheimum?

Greint verður frá tölfræðiupplýsingum sem teknar voru saman af starfsmanni Fjörheima um þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvistarfinu. Tölurnar miðast við skólaárið 2020-2021 og miðað er við ungmenni Reykjanesbæjar í 8.,9. og 10. bekk.




Mynd 5: Þátttökuhlutfall ungmenna í Fjörheimum eftir uppruna

Á mynd 5 má sjá skiptingu á þátttöku í Fjörheimum eftir uppruna ungmenna. 225 ungmenni hafa tekið þátt í Fjörheimum á skólaárinu 2020-2021. 38 þeirra eru af erlendum uppruna sem eru 17% og 187 þeirra eru af íslenskum uppruna sem er 83%. Í Reykjanesbæ eru 738 ungmenni í 8.-10. bekk, 225 þeirra eru af erlendum uppruna sem þýðir að ungmenni af erlendum uppruna eru 30,4% af heildinni. Þátttaka í félagsmiðstöðinni endurspeglar því ekki hlutfall erlendra barna í Reykjanesbæ.




Mynd 6: Þátttökuhlutfall allra ungmenna Reykjanessbæjar í Fjórheimum

Af þeim 728 ungmennum í 8.-10. bekk sem búa í Reykjanessbæ hafa 225 mætt allavega einu sinni í félagsmiðstöðina á þessu skólaári en 503 þeirra hafa ekkert mætt. Því nær starfið til 30% af fjölda ungmenna í Reykjanessbæ. Til samanburðar má geta að 81,5% ungmenna í Reykjanessbæ taka þátt í íþróttastarfi einu sinni í viku eða oftar (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, munnleg heimild, 30. mars 2021).




Mynd 7: Þátttökuhlutfall meðal ungmenna af erlendum uppruna í 8.-10. bekk

Fjöldi ungmenna með erlent ríkisfang í Reykjanesbæ er 150, 38 þeirra hafa mætt í félagsmiðstöðina á skólaárinu 2020-2021 eða 25%. Því eru 75% erlendra ungmenna sem hafa ekki sótt starfið.




Mynd 8: Hlutféll þátttöku í Fjörheimum eftir kyni

Á mynd 8 má sjá að um 54% allra þátttakenda í Fjörheimum eru drengir og 46% þeirra eru stúlkur. Kynjahlutfallið er því nokkuð jafnt. Ekki var gert ráð fyrir öðrum kynjum í tölfræðigögnum félagsmiðstöðvarinnar.



Mynd 9: Þátttaka hjá ungmennum af erlendum uppruna í Fjörheimum

Skipting kynjahlutfalls var nánast sú sama hjá innlendum og erlendum ungmennum. 53% erlendra þátttakenda voru drengir og 47% þeirra stúlkur. Ekki var gert ráð fyrir öðrum kynjum í tölfræðigögnum félagsmiðstöðvarinnar.



Mynd 10: Hvaða grunnskóli er virkastur í félagsmiðstöðvstarfinu?

Eins og sjá má á mynd 10 er þátttaka ungmenna í starfi félagsmiðstöðvarinnar afar misjöfn eftir grunnskólum í Reykjanesbæ. Eflaust eru margir þættir sem orsaka þessa dreifingu eftir skólum t.d. staðsetning skóla og þátttaka í öðrum tímstundum. Samkvæmt samtali við Ólaf Berg Ólafsson starfsmann Fjörheima kom eftirfarandi fram: „Háaleitisskóli og Myllubakkaskóli eru skólar sem eru með mestan fjölda erlendra nemenda, það eru þeir skólar ásamt Stapaskóla, sem er nýr skóli, sem eru minnst að sækja starfið.” Það er því greinilegt að þátttaka er dræmst úr þeim grunnskólum þar sem fjöldi nemenda er mestur. Starfsmaður sagði einnig: „Þeir skólar sem eru mest að sækja starfið eru Njarðvíkurskóli og Heiðarskóli en það eru líka þeir skólar þar sem nemendur eru mest í öðrum tímstundum líka...Það er eins og ef þú ert í einhverjum tímstundum að þá sértu líklegri til að taka þátt í öðrum”. Þessi staðhæfing getur gefið vísbendingu um að þau börn sem þegar eru virk í frítíma séu líklegri til að mæta í félagsmiðstöðina.

8 Umræður og niðurlag

Hægt er að tengja niðurstöður rannsóknarinnar við fyrri rannsóknir um stöðu innflytjenda á Íslandi. Við úrvinnslu rannsóknar kom í ljós að ungmenni í 8.-10. bekk af erlendum uppruna í Reykjanesbæ eru ólíklegri en innlendir jafnaldrar þeirra til að taka þátt í félagsmiðstöðvarstarfi. Eins kom í ljós að lítill sem enginn munur var á þátttöku eftir kyni, sama hvort tekið var mið af heildinni eða einungis af hópi erlendra barna. Aðeins var greint frá tveimur kynjum karlkyn og kvenkyn. Hér verður rýnt í niðurstöður með hliðsjón af fræðilegum kafla ritgerðarinnar.

8.1 Fjórheimar - Allir með!

Rannsóknin leiddi í ljós þátttökuhlutfall ungmenna í 8.-10. bekk í félagsmiðstöðinni Fjórheimum í Reykjanesbæ skólaárið 2020-2021. Niðurstöðurnar voru að af þeim ungmönnum sem eru með erlent ríkisfang voru 21% sem höfðu tekið þátt í starfi félagsmiðstöðvarinnar en 35% úr hópi innlendra jafnaldrar þeirra tók þátt. Tölurnar staðfesta fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlendis þar sem greint hefur verið frá því að börn og ungmenni með erlent ríkisfang taki síður þátt í skipulögðu tómstundastarfi í frítíma sínum.

Ef skoðaður var menningarbakgrunnur allra þeirra sem tóku þátt í Fjórheimum voru 17% af erlendum uppruna og 83% af íslenskum uppruna. Þar sem ungmenni af erlendum uppruna eru 30,4% af heildarfjölda ungmenna í Reykjanesbæ endurspeglar þátttökuhlutfallið því ekki hlutfallslegan fjölda þeirra. Félagsmiðstöðin nær til um 30% af öllum fjölda ungmenna í Reykjanesbæ, en hægt er að bera saman þátttöku í íþróttastarfi sem er 81,5% (Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, munnleg heimild, 30. mars 2021).

Þar sem félagsmiðstöðvar eru staður þar sem unglíngamenning fær að blómstra (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017) spyr maður sig hvort að þátttöku hlutfallið í félagsmiðstöð í eins stóru bæjarfélagi mætti ekki vera meira til að efla stöðu ungmenna. Mögulega er vandinn að aðrar tómstundir til dæmis íþróttastarf eða tónlistarnám sé ríkjandi í sveitarfélaginu og því dragi það úr þátttöku í félagsmiðstöðinni. Það eru ekki öll ungmenni sem finna sig í t.d. íþróttum og því spurning afhverju félagsmiðstöðin fær ekki meira vægi í aðsókn ungmennanna? Mögulega eru áhrif Covid-19 einnig að hafa áhrif á þátttöku ungmenna og því kannski erfitt að marka mætingartölur síðustu tveggja ára.

Niðurstöður rannsóknar leiddu í ljós að ungmenni úr Háaleitisskóla, Myllubakkaskóla og Stapaskóla taki minnst þátt í starfi Fjórheima. Starfsmaður Fjórheima hafði orð á því að í nemendahópi Háaleitisskóla og Myllubakkaskóla er hæsta hlutfall erlendra nemenda. Stapaskóli er síðan nýr skóli og möguleiki að þau ungmenni þekki ekki nógu vel til starfsins.

Ástæðurnar fyrir dræmri þátttöku eru eflaust margvíslegar. Hægt væri t.d. að líta á fjarlægð milli skóla og félagsmiðstöðvar sé of mikil en þó bara í tilviki Háaleitisskóla og Stapaskóla sem eru staðsettir langt frá Fjórheimum. Hinsvegar er ekki hægt að fullyrða það sama um Myllubakkaskóla þar sem hann er í göngufæri við Fjórheima. Það má þó spurja sig hvort að

dreifing á húsnæðum félagsmiðstöðvarinnar gæti aukið þátttöku ungmenna almennt en félagsmiðstöðvarstarf á að vera aðgengilegt í nærumhverfi ungmenna (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017).

Annað sem kom í ljós var að þau ungmenni sem tækju þátt í einhverskonar tómstundastarfi væru líklegri en önnur til að taka þátt í félagsmiðstöðvarstarfi Fjörheima. Það voru ungmenni úr Njarðvíkurskóla og Heiðarskóla sem voru virkust í starfinu en þau voru einnig virk í öðru tómstundastarfi. Þetta er eitthvað sem hægt væri að skoða betur, því möguleiki er á að þau ungmenni sem mest þyrfti að virkja í frítíma eru ekki að skila sér í félagsmiðstöðina.

Nú eftir að teknar hafa verið saman þátttökutölur ungmenna af erlendum uppruna í félagsmiðstöðinni er hægt að miða þær við aðrar mælingar um þátttöku í verkefninu Allir með!

8.2 Að brúa bilið á vettvangi frítíma

Í íslenskri rannsókn Eyrúnar Maríu Rúnarsdóttur og Anh-Dao Tran kom í ljós að félagsleg gjá sé á milli ungmenna af innlendum og erlendum uppruna. Íslensk ungmenni eru að jafnaði ekki að mynda náin tengsl við ungmenni af erlendum uppruna og öfugt. Þær nefndu að hópaskiptingin væri greinileg og að hana mætti finna á öllum skólastigum. Í rannsókninni kom fram að það væri ekki á ábyrgð barnanna að laga þetta vandamál heldur væri það fullorðna fólksins sem þurfi að skapa vettvang fyrir tengslamyndun milli barna af ólíkum uppruna.

Félagsmiðstöðin gæti verið frábær vettvangur í þessu samhengi og kannski alveg kjörinn. Því styður það mikilvægi þess að virkja ungmenni af erlendum uppruna í starfinu og afhverju þátttaka þeirra er mikilvæg. Tungumálaörðugleikar geta verið hindrun í vegi tengslamyndunar milli ungmenna af ólíkum uppruna. Í félagsmiðstöðinni fá ungmenni af erlendum uppruna að æfa sig í íslensku máli í óformlegra umhverfi en til dæmis í skólanum. Það gæti aukið íslensku kunnáttu þeirra og sjálfstraust í samskiptum við jafningja.

Einnig hefur verið sýnt fram á að einn af helstu kostum félagsmiðstöðvarstarfs sé að efla tengsl við jafnaldra og styrkja félagslega stöðu ungmenna (Árni Guðmundsson, 2017). Þó að félagsmiðstöðvarstarf sé óformlegt umhverfi hefur starfsfólk umsjón og yfirsýn með starfinu á þann hátt að hægt sé að ná fram ákveðnum markmiðum í starfinu. Til að efla tengslamyndun milli ungmenna af ólíkum uppruna gæti starfsfólk til dæmis unnið markvisst að því að stofna til samvinnu meðal ungmenna af fjölbreyttum uppruna í allskyns verkefnum innan félagsmiðstöðvarinnar. Þetta væri unnið „á bakvið tjöldin“ án þess að ungmennin vissu endanlegt markmið, sem væri að tengja hópa saman.

8.3 Félagsmiðstöðin Brú

Í Mars á þessu ári opnaði ný félagsmiðstöð við Háaleitisskóla í Reykjanesbæ. Háaleitisskóli er annar af þeim tveimur skólum Reykjanesbæjar þar sem er hæst hlutfall nemenda með erlent ríkisfang. Brúin er samstarfsverkefni milli Háaleitisskóla og Fjörheima. Í Brú er einn starfsmaður frá Fjörheimum og tveir frá Háaleitisskóla á hverri vakt. Samstarfsverkefnið gengur vel og nær til ungmenna af erlendum uppruna en starfsmaður fjörheima sagði: „Eftir að Brúin kom þá eru þau búin að mæta jafn mikið í mars síðan að félagsmiðstöðin í Háleiti opnaði og þau mættu allt síðasta skólaár” (Ólafur Bergur Ólafsson, munnleg heimild, 15. apríl 2021). Þessi staðreynd er í raun ótrúleg og er aftur hægt að velta fyrir sér mikilvægi þess að hafa félagsmiðstöðina nær daglegu umhverfi ungmenna til að virkja þau til þátttöku. Áður en Brúin kom var aðeins ein félagsmiðstöð sem þjónaði fjölmennu bæjarfélagi Reykjanesbæjar með. Er möguleiki á að þurfi að hafa félagsmiðstöðvarstarfið aðgengilegra fyrir öll ungmenni Reykjanesbæjar?

9 Lokaorð

Að vinna þessa rannsókn hefur verið lærdómsríkt. Verkefnið gaf mér aðra sýn á stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi og hversu mikilvægt er að bjóða fólk frá öðrum löndum velkomið á þann hátt að þau hafi jöfn tækifæri til þátttöku í öllu því sem samfélagið hefur upp á að bjóða.

Mér finnst verkefnið Allir með! frábært og gríðarlega mikilvægt til að stuðla að velferð bæði í Reykjanesbæ sem og á öllu landinu. Reykjanesbær má því vera stoltur af þessu samfélagsverkefni og vonandi að það beri árangur.

Eitt af því sem stendur upp úr við gerð verkefnisins er að félagsmiðstöðvarstarf bæjarins nær aðeins til 30% þeirra ungmenna sem þar búa. Þetta er sorgleg staðreynd þar sem ég veit hversu gott og virkt starf er verið að vinna í félagsmiðstöðinni Fjörheimum. Það að ný félagsmiðstöð í öðru hverfi auki þátttöku ungmenna af erlendum uppruna svo gríðarlega að mætingarlutfall þeirra var jafn mikið á einum mánuði og allt árið á undan segir gríðarlega mikið. Reykjanesbær er stórt sveitarfélag og þar sem aðeins eitt húsnæði er fyrir félagsmiðstöð í sveitarfélaginu getur verið að þátttakan sé ekki eins mikil og hún gæti verið. Til samanburðar má nefna að á Akureyri, sem er álíka stórt sveitarfélag, eru sjö félagsmiðstöðvar. Ég tel að Reykjanesbær ætti að bæta við húsnæði undir félagsmiðstöðvar bæjarins. Á þann hátt væri aðgengi að félagsmiðstöðvum greiðara fyrir ungmennin og þau myndu kannski upplifa það sem minna mál að prófa að kíkja í félagsmiðstöð sem er í nágrenni við grunnskólann þeirra. Á þennan hátt gætu fleiri ungmenni af bæði innlendum og erlendum uppruna notið góðs af starfinu á þroskandi hátt. Ég skora því á Reykjanesbæ að gefa því kraftmikla starfi sem fer fram í Fjörheimum meiri gaum með því að útvíkka starfsemina þannig að fleiri ungmenni fái að kynnast starfinu, taka þátt og fá að tilheyra jafningjahópi og njóta þess starfs sem þar fer fram. Á þennan hátt er hægt að virkja fleiri ungmenni í frítíma og fá alla með.

Heimildaskrá

- Alfa Aradóttir. (2017). Barnasáttmálinn og æskulýðsstarf - Erum við að hlusta. *Frístundir og fagmennska: Rit um málefni frítímans*, 39-48.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942–1992*. Prentmet.
- Árni Guðmundsson. (2017). Félagsuppeldi og frítíminn. *Frístundir og fagmennska: Rit um málefni frítímans*, 15-23.
- Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir. (2017). Félagsmiðstöðvar barna og unglinga. *Frístundir og fagmennska: Rit um málefni frítímans*, 109-124.
- Eygló Rúnarsdóttir. (2011). “Maður lærir líka að vera góður”: *Sýn unglinga á félagsmiðstöðvar og eigin þátttöku í starfi þeirra* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/7715>
- FÉLAK. (2016). *Handbók FÉLAK: Hlutverk og hugmyndafræði*. <https://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Felagsmidstodvar/handbok-felak.pdf>
- Fradkin, C. (2019). Megan MacCutcheon: The Ultimate Self-Esteem Workbook for Teens. *Journal of Youth Adolescence* 48, 2323–2325. <https://doi.org/10.1007/s10964-019-01163-3>
- Fræðslusvið Reykjanesbæjar. (2017). *Handbók: Heildrænn stuðningur við nemendur í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum Reykjanesbæjar, Sandgerðis og Sveitafélagsins Garðs*. <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/handbok-isat-2017-3-.pdf>
- Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa. (2011). Flóttabörn á Íslandi: Rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna. *Ritröð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar* (bindi 4). Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. <https://skemman.is/bitstream/1946/10778/1/ritrodIV-2-LOKAÚTGÁFA.pdf>
- Guðrún Hálfðánardóttir. (2020, 18. október). Ég á ekki enn Íslendinga að vinum. *Mbl*. <https://www.mbl.is>
- Hagstofa Íslands. (2019-a). Félagsvísar: Sérhefti um innflytjendur. *Hagtíðindi*, 104(2).
- Hagstofa Íslands. (2019-b). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur/>
- Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2014). *Ungt fólk 2014 grunnskólar: Menntun, menning, félags-, íþrótt- og tómstundastarf, heilsa, líðan og vímuefnaneysla unglinga í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- Island.is. (e.d.-b). *Íþróttir og tómstundir*. Sótt 12. mars 2021, af <https://vefur.island.is/thjonusta/fjolskyldan/born-og-unglingar/ithrottir-og-tomstundir/>
- Jakob Frímann Þorsteinsson. (2010). Tómstundir og menntun. *Fristundir og fagmennska: Rit um málefni frítímans*, 47-63.
- Leitner, M. J. og Leitner, S. F. (2012). *Leisure enhancement* (4. útg.). Sagamore.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2020-a). *Drög að stefnu: Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*. Stjórnarráð Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Drög%20að%20stefnu_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20með%20fjölbreyttan%20tungumála-%20og%20menningarbakgrunn_260520.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2020-b). *Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi*. Stjórnarráð Íslands. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leiðarvísir%20um%20studning%20við%20modurmál_islenska.pdf
- Nanna Briem. (2019). Geðheilsa ungs fólks. *Læknablaðið*, 105(5). doi:10.17992/lbl.2019.05.229
- Orðanefnd í tómstundafræði. (2019). *Orðasafn í tómstundafræði*. Félag fagfólks í frítímaþjónustu og Rannsóknarstofa í tómstundafræði.
- Reykjanesbær. (2019). *Stefna Reykjanesbæjar: Í krafti fjölbreytileikans, 2020-2030*. https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/samthykkt-stefna_uppfaert-utlit_25feb2020.pdf
- Reykjanesbær. (2020-a). *Tímamótaverkefni í þágu barna í Reykjanesbæ: Allir með*. <https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/rnb/frettir/allir-med>
- Reykjanesbær. (2020-b). *Stefna Reykjanesbæjar: Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun*. <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/verkefni/stakt-verkefni/?itemid=700a49ec-733d-11ea-9458-005056bc530c>
- Reykjanesbær. (e.d.). *Multicultural town*. Sótt 29. apríl, af <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/malefni-innflytjenda/multicultural-town>
- Reykjavíkurborg. (2013). *Börn og fjölmennning í starfi frístundamiðstöðva*. Skóla- og frístundasvið. https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/boern_og_fjoelmenni_ng_starfi_fr_stundami_stoe_va_lokadroeg.pdf
- Reykjavíkurborg. (2017). *Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar*. https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_thjonustu_felagsmidstodva_11102017_.pdf

- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Félagsmiðstöðvar*. Sótt 19. mars 2021 af <https://reykjavik.is/felagsmidstodvar>
- Runarsdóttir, E. M. og Vilhjálmsson, R. (2019). *Ethnicity and adolescent well-being in the context of families, friends and neighborhoods*. *Journal of Youth Studies*, 22(10), 1345-1360. <https://doi.org/10.1080/13676261.2019.1578873>
- SAMFÉS. (e.d.). *Um SAMFÉS*. Sótt 19. mars 2021 af <https://samfes.is/samfes/samfes/um-samfes>
- Santrock, J.W. (2017). *Life-span development* (16. útg). McGraw-Hill Education.
- Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.). (2013). *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Ásprent Stíll.
- Simpkins, S. D. og Slutzky, C. B. (2009). The link between children's sport participation and self-esteem: Exploring the mediating role of sport self-concept. *Psychology of Sport and Exercise*, 10(3), 381-389. <https://doi.org/10.1016/j.psychsport.2008.09.006>
- Unnur Ásbergisdóttir. (2020). *Greining á eineltisáætlunum grunnskóla og forvarnaráherslum þeirra* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/36850>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2019). *Konur af erlendum uppruna: Hvar kreppir að?* Félagsmálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c6482f7c-570d-11ea-945f-005056bc4d74>
- Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir. (2017). *Handbók um einelti og vináttufærni: Forvarnir og viðbrögð*. Heimili og skóli.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2010*. <https://skemman.is/bitstream/1946/7815/1/025.pdf>
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2014). Tómstundamenntun. *Uppeldi og menntun*, 23(1). <https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/1963/975>
- Þjóðskrá. (2021). *Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum - janúar 2021*. <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2021/01/04/Ibuafjoldi-efir-sveitarfelogum-januar-2021/>